

## 7. gr.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 990,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að hækka orkutaxta í 3. gr. skv. hækkun á rafhitunartaxta c. 1 í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1986. Allar taxa- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## III. KAFLI

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 26, 13. janúar 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. maí 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ****um hækkun bóta almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðar breytingum, skulu hækka um 3,06% frá 1. júní 1986 að telja frá því sem þær eru 31. maí 1986. Bætur samkvæmt 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Sérstök lífeyrisuppbót kr. 3 000,00 skal greidd með júnibótum þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Þeir, sem njóta skertrar tekjutryggingar, fá hlutfallslega lægri lífeyrisuppbót.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. júní 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 103/1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um umferð á Akranesi.**

Hér með tilkynnist að sett hafa verið upp umferðarljós á mótum Kirkjubrautar, Kalmannsbrautar og Stillholts.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sbr. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 hefir verið ákveðið að taka umferðarljósinn þegar í notkun.

Um notkun umferðarljósanna gilda ákvæði A liðar IV. kafla reglugerðar nr. 414, 1978 um umferðarmerki og notkun þeirra.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 12. maí 1986.*

**Ásmundur Vilhjálmsson, ftr.**

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað nr. 318 frá 23. júní 1981.**

1. gr.

9. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Allar byggingar á miðbæjarsvæði ..... 5%.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Pórhildur Línadal.*